

## AUGLÝSING

### (VIII) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 641 frá 8. júlí 2016 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2016/2017 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

#### Súðavíkurhreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 641/2016 gilda um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavík með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) a-liður 1. gr. breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 *eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga*, við lok umsóknarfrests.
- b) b-liður 1. gr. breytist þannig: Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2016.
- c) 1. másl. c-liðar 1. gr. breytist þannig: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2016.
- d) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, *á þann veg að 15% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundaveiðileyfi. 80% byggðakvótans í Súðavík skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa 50% eða meira af sínum afla, fiskveiðiárið 2015/2016 í Súðavík og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. 5% skal skipt jafnt á aðra báta sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.*
- e) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla í Súðavík sem telja á til byggðakvóta, og einnig úthlutuðum byggðakvóta, til vinnslu í Súðavík á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. mars 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Hinrik Greipsson.*